



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Hólum
900 ára afmæli biskupsstóls
13. ágúst 2006**

Biskupar og kirkjunnar þjónar
Ráðherrar og Hólamenn
Norðlendingar; góðir gestir

Sporin liggja um grænar grundir, hollt og hæðir í Hjaltadal; fótatak á kirkjugólfi, göngumóðir komnir til messu, klukkur hringja, hófadynur, ómurinn frá liðnum öldum hljómar hér í okkar eyrum, kliðurinn af samræðum og orðaskaki, bænagjörð og messutíðum.

Fjöldinn allur á Hólastað: biskupar og beiningamenn, höfðingjar og alþýðuhetjur, stórbændur og kotungshjú, lærdómsmenn og hagarðingar – íslensk þjóð í blíðu og stríðu, bar örlög grimm jafnt sem góða daga, laut erlendri áþján með reisu í brjósti, átti baráttuvilja, sjálfstæðishug.

Hólar, Þingvellir, Skálholt – burðarstoðir í sögu okkar, áningarstaðir þegar þjóðin þakkar, sækir þangað söguskilning, nýja sýn.

Hólar; biskupsstóll, menntasetur, um aldir höfuðstaður Norðlendinga, lengur en flest ríki geta rakið sögu sína.

Hólar; auðugir af boðskap, í hugum og hjörtum Íslendinga einstakt tákni, gáfu háum og lágum bjarta von, sannfæringu, heita trú.

Hér krupu á kné förkonur og fyrimenn, betlarar og biskupsefni, sauðþjófar og sýslumenn, ómagar og andans jöfrar; öll hin litríka sveit Íslendinga.

Hér á kristnin heilög vé, höfuðkirkju. Héðan barst boðskapurinn um trúargildi og góðan sið; meitlaður texti.

Íslensk tunga á hér margt að þakka: biblíur á móðurmáli, sálmakver og aðra texta sem fylgt hafa þjóðinni á langri leið, meðan erlend áþján drap flest í dróma, og gáfu svo Íslendingum nýjan þrótt þegar sótt var

fram til aukins réttar – Hólamenn: sjálfstæðishetjur; höfuðsmiðir í hofi íslenskunnar.

Hér kallar sagan úr hverju horni, kallar til okkar, ber vísdómsorð um liðna tíma, en líka bænargjörð um framtíðina; boðskapurinn býsna skýr, arfleifðin drjúg heimanfylgja á óvissuför, vísbending um helstu gildi, verðmætin sem ber að virða.

Hólar tala skýrt til allra, saga stólsins leiðarvísir á nýrri öld, sögusjóður, en líka leiðsögn um hvað ber að gera, hvernig halda skal áttum í ólguróti okkar tíma, hvert þjóðin skal stefna um ókomin ár.

Á hátíðarstundu spyrjum við: hvað hafa Hólar fært okkur í veganesti?

Kristna trú, ríka tilbeiðslu og bæn, leiðarvísi um daglega breytni, siðalögmál, boðskap um kærleika til allra manna, fyrirmæli um breytni þjóða og íbúa í öllum álfum.

Sjálfstæði, hina dýru auðlind, vissuna um að meðal okkar býr afl og þróttur, að íslensk þjóð mun rísa hæst þegar hún sjálf ræður för – á höggstokknum lét biskup ei bugast.

Mikilvægi lærdómssetra, að þekkingin er gulls ígildi, að opna ber öllum greiða leið til aukins þroska, að valdastóll án öflugsskóla nær aldrei miklum burðum.

Samskipti í allar áttir, að alþjóðleg hugsun og víðsýnn andi munu skila góðum hlut; að vera opin fyrir erlendum straumum og sækja hið besta til annarra landa og menningarsvæða, sjá kostina sem felast í frjóum tengslum við þjóðir heims; um aldir ríkti slík hugsun hér á biskupsstólum.

Allt þetta kenna Hólar og fleira raunar:

Að menningin er afl til nýsköpunar, ekki staðlað form frá gömlum tíma; hún eflir og styrkir stöðu þjóða, gefur atvinnuvegum og efnahag æðra gildi og ríkara inntak; hún lifir þegar mölur og ryð hafa grandað fjármununum og valdsmenn deila handan grafar kjörum með kotungunum.

Að byggðirnar sem búa að sínu, treysta einkum á sjálfar sig, geta átt bjarta framtíð; Hólar, höfuðstaður Norðurlands í margar aldir, verða jafnan sönnun þess að hugurinn er öflugasta orkuverið, og endurnýjast öld af öld.

Að samhjálpin er skylda okkar, innblásin af kristnum anda og kirkjunnar vegferð, að rétta hjálparhönd, styðja aldraða, öryrkja,

einstæðar mæður, fátæklinga, alla sem glíma við daglegan skort og mótlæti á lífsins braut. Slíkur var andinn hér á Hólum, aðal þess biskups sem góður var talinn.

Já, Hólar tala til okkar mörgum röddum; biskupsstóll með langa sögu, skýran boðskap, áherslur á framtíðina, verðmætin sem reynast munu heillavænleg, notadrjúg.

Við sækjum til Hóla sannfæringu, mælistiku, áttavita sem vísar veginn.

Við heyrum skóhljóð fyrri alda, óminn af vonum forfeðranna, greinum skugga af draumum þeirra, finnum í hjarta ákall allra sem hér fetuðu moldarslóða og grænar grundir.

Fleiri munu hingað koma í kjölfar okkar og marka spor, þúsundir á hverri öld.

Og þau munu spyrja, leita fréttu af okkar verkum, líkt og við nú lítum til baka.

Heyrðum við aldanna nið, boðskapinn frá biskupsstólnum, vísdóminn sem hér á rætur, lærdóminn sem saga Hóla færir okkur Íslendingum?